

6. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn þriðjudaginn 2. júlí 2015 kl. 20:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt voru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Gunnar Dalkvist Bæ, Hrefna Þorvaldsdóttir Árnési 2, Elísa Ösp Valgeirsdóttir Árnési 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpvavík.

Dagskrá

1. Guðjón Ingólfsson – áheyrn vegna lóðamála á Eyri.
2. Fundargerð heilbrigðisnefndar lögð fram til kynningar og seinni umræða um þrifnað og umgengni utanhúss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Vestfjarða.
3. Gjaldskrá fyrir þjónustu hafnarinnar lögð fram.
4. Norðurfjarðarhöfn – Bókun og ákvörðun varðandi hvaða tillaga til stækkunar hafnarinnar verður valin og ákvörðun um fyrirhugaða lántöku hjá lánasjóði sveitarfélaga.
5. Fjölskylduhjálpi Íslands beiðni um styrk.
6. Eldavél í íbúð í kaupfélagsíbúð.
7. Skýrsla um stjórnsluskoðun lögð fram til kynningar.
8. Fjórðungssamband Vestfjarða – sóknaráætlun Vestfjarða lögð fyrir til kynningar.
9. Fjórðungssamband Vestfjarða – Fundargerð stjórnarfundar lögð fyrir ásamt umsögn um samgönguáætlun Vestfjarða 2015-2018.
10. Umhverfisstofnun – endurskoðun á samningi um refaveiðar 2014-2016.
11. Vegagerðin – Svar við bréfi varðandi almenningssamgöngur í sumar.
12. Velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps – fundargerð lögð fram til kynningar.
13. Umbótalisti vegna Finnbogastaðaskóla – umræða.
14. Vesturverk – virkjunarframkvæmdir við Hvalá - staða mála, fundarboð til þingmanna ofl.
15. Safnaráð – kynning á tölvupósti.
16. Brothættar byggðir – bréf lagt fram til kynningar.

1. Guðjón Ingólfsson á Eyri flutti sitt erindi vegna lóðamála á Eyri. Ákveðið að ræða þau mál síðar ef erindi frá honum berst varðandi þessi mál.
2. Fundargerðir heilbrigðisnefndar lagðar fram til kynningar og ákveðið að semja vinnureglur fyrir sveitarfélagið sem kynntar verða íbúum.
3. Gjaldskrá Norðurfjarðarhafnar lögð fram og hún samþykkt af hreppsnefnd með viðbótargjaldi kranagjaldi sem kynnt verður sjómönnum.
4. Hreppsnefnd hefur ákveðið að taka tillögu nr. 1 frá Vegagerðinni varðandi stækkun Norðurfjarðarhafnar sem felur í sér að lengja núverandi hafnargarð og dýpka fyrir innan hann. Ákveðið var að taka lán með jöfnum afborgunum með fljótandi vexti hjá Lánasjóði sveitarfélaga sem tryggt er með veði í tekjum sveitarfélagsins. Fyrir fundinn var lögð sérfræðiskýrsla unnin af Ólafi Sveinssyni í tengslum við ákvörðun um framkvæmdir við höfnina. Hreppsnefnd Árneshrepps samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 4.000.000 kr. til 10 ára, í samræmi við samþykta skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að fjármagna hafnarframkvæmdir, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Evu Sigurbjörnsdóttur, kt.240450-2089, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Árneshrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari. Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun 2015 vegna fyrirhugaðra framkvæmda við hafnarmannvirki í Norðurfirði að fjárhæð 4,0 millj. kr. Fjármögnun verður með ráðstöfun handbærs fjár og lántöku að fjárhæð 4,0 millj. kr. Heildarfjárfesting ársins 2015 við hafnarmannvirki næmi 7,5 millj. kr. Áætluð heildarfjárfesting verkefnisins nemur 11 millj. kr. og fellur til á árunum 2015 og 2016.

5. Styrkbeiðni frá Fjölskylduhjálpi Íslands synjað

6. Beiðni um kaup á nýrri eldavél í íbúð í Kauðfélagshúsi rædd. Ákveðið var að kaupa nýja eldavél ásamt ísskáp í skólann.

7. Skýrsla um stjórnarsýsluskoðun lögð fram til kynningar.

8. Fjórðungssamband Vestfjarða – sóknaráætlun Vestfjarða lögð fram til kynningar.

9. Fjórðungssamband Vestfjarða – Fundargerð stjórnarfundar lögð fram til kynningar ásamt umsögn um samgönguáætlun 2015-2018.

10. Endurskoðun á samningi um refaveiðar 2014-2016 frá Umhverfisstofnun lögð fram til kynningar. Hreppsnefnd gerir engar athugasemdir við viðaukann.

11. Svar við bréfi varðandi almenningsamgöngur í sumar frá Vegagerðinni lagt fram til kynningar.

12. Fundargerð frá velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps lögð fram til kynningar.

13. Umbótalisti vegna Finnbogastaðaskóla lagður fyrir hreppsnefnd. Ákveðið var að Elísa muni gera kostnaðaráætlun og senda til hreppsnefndar sem mun taka málið aftur fyrir. Einnig var Elísu falið að kanna verð á að fá hingað danskennara næsta vetur. Samþykkt var að fastur árlegur styrkur til skólabókasafnsins yrði 50.000 kr.

14. Staða mála vegna virkjunarframkvæmda Vesturverks við Hvalá rædd. Fundur hefur verið boðaður 19. ágúst vegna þessara mála. Ósk hefur borist frá Vesturverki um notkun á jarðýtu til að geta gert nauðsynlegar rannsóknir. Hreppsnefnd gefur leyfir fyrir umferð jarðýtu í trausti þess að jarðrask verði með allra minnsta móti.

15. Safnaráð kynning á tölvupósti.

16. Bréf kynnt frá Brothættum byggðum þar sem fram kemur að Árneshreppur er ekki einn af útvöldum stöðum.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 23:10